

Öðruvísi Jóladagatal

-Sælla er að gefa en þiggja

Handbók kennara 2026

SOS BARNAÞORPIN

Ekkert barn á að alast upp eitt

Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd. Ekkert barn á að þurfa að alast upp eitt. En þrátt fyrir það hefur eitt af hverjum tíu börnum í heiminum misst foreldraumsjón eða á á hættu að missa hana. Börn án foreldraumsjónar eiga minni möguleika á öruggu uppeldi, menntun, heilbrigðisþjónustu eða að komast út úr vítahring fátæktar. Þegar barn missir umönnun foreldra hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir barnið sjálft og samfélagið ef ekkert er að gert.

Í Öðruvísi jóladagatali fá nemendur tækifæri til að læra um önnur lönd og börn sem þar búa og þeim gefst tækifæri til að taka höndum saman til að veita viðkvæmustu börnunum umönnun, vernd og öruggara heimili. Í ár bjóðum við grunnskólabörnum á Íslandi að taka þátt í jóladagatalinu ellefta árið í röð.

Um SOS Barnaþorpin

SOS Barnaþorpin eru alþjóðleg hjálparsamtök sem vinna að því markmiði að börn fái að alast upp við góða umönnun hjá stöðugri fjölskyldu. Við störfum víðs vegar um heiminn, í rúmlega 130 löndum. Svona vinnum við:

1. **Fyrirbyggjandi:** Fjölskylduefling SOS styður við barnafjölskyldur í erfiðum aðstæðum svo þær geti annast börnin sín betur.
2. **Nýtt heimili:** Við tryggjum að börn sem eru ein fái öruggt heimili í SOS fjölskyldu eða annarri fósturfjölskyldu. Þetta á við um börn sem eru munaðarlaus, yfirgefin eða eiga fjölskyldu sem þrátt fyrir stuðning getur ekki veitt fullnægjandi umönnun.
3. **Við styrkjum samfélagið:** SOS Barnaþorpin vinna víða um heim að því að koma á góðum skilyrðum og góðri löggjöf fyrir börn. Við stuðlum að því að börn fái að alast upp með systkinum sínum og vinnum gegn fordómum og mismunun barna sem hafa misst fjölskyldur sínar. Í baráttunni fyrir réttindum barna eru SOS Barnaþorpin skýr rödd.

Gagnlegar upplýsingar um dagatalið

Á hverjum skóladegi í desember opna nemendur nýjan glugga í jóladagatalinu. Gluggana er hægt að opna beint af heimasíðu SOS Barnaþorpanna: www.sos.is/joladagatal. Hver gluggi hefur að geyma stutt myndband þar sem nemendur fá að kynnast börnum í öðrum löndum. Í ár ætlum við m.a. að heimsækja Laos, Bosníu-Hersegóvínu, Indland og Kólumbíu.

Í þessu hefti má finna kynningar á gluggum dagatalsins, spurningar til að vekja umræður um viðfangsefni dagsins og stafarugl jóladagatalsins. Í lok hvers myndbands þurfa nemendurnir að svara spurningu þar sem svarið gefur þeim einn bókstaf. Krakkarnir raða bókstöfunum á ákveðna staði í stafaruglinu (aftast í þessu hefti) til að finna lausnarorðið í ár. Kennarar senda svo inn svör úr stafaruglinu á hjordis@sos.is fyrir hönd bekkjarins í lok dagatalsins. **Dregið verður úr réttum svörum 11. janúar.**

Heimasíðan og efnið í ár

Allt efni sem nota þarf fyrir Öðruvísi jóladagatal er að finna á heimasíðu SOS Barnaþorpanna á: www.sos.is/joladagatal. Þar má finna allar helstu upplýsingar um dagatalið, bréf til foreldra (á íslensku, ensku og pólsku), umslög til að safna peningum í, kort af heiminum og gluggana sjálfa. Á hverjum degi er hægt að opna nýjan glugga og mun fyrsti glugginn verða aðgengilegur **þriðjudaginn 1. desember.**

FYRSTI GLUGGINN OPNAR ÞRIÐJUDAGINN 1. DESEMBER

www.sos.is/joladagatal

Sælla er að gefa en þiggja

Samhliða jóladagatalinu bjóðum við þátttakendum að vera með í söfnun í þeim tilgangi að gera heiminn að betri stað fyrir börn. Nemendur taka þá að sér létt verkefni heima fyrir eða í nágrenninu (aðstoða við að setja í uppþvottavélina, þurrka af, taka til í herbergjunum sínum, fara út að labba með hundinn) og fá smá aur að launum (frá foreldrum eða þeim sem þau aðstoða) sem þau geta gefið í söfnunina. Börnin geta líka safnað með öðrum hætti (dósasöfnun, kökubakstur, tombóla o.fl.). Allur peningur sem kemur inn rennur beint í forvarnarverkefni SOS Barnaþorpanna í Eþíópíu sem vinnur að því að efla barnafjölskyldur sem búa við sárafátækt til að koma í veg fyrir aðskilnað barna frá foreldrum sínum.

Þátttaka í söfnuninni er óháð þátttöku í jóladagatalinu. Hver fjölskylda getur ákveðið hvort hún vilji taka þátt í söfnuninni. Margt smátt gerir eitt stórt en grunnskólabörn á Íslandi hafa safnað rúmlega 5 milljónum fyrir börn sem búa við bágar aðstæður frá upphafi dagatalsins árið 2016. Með þessum framlögum hafa börnin áhrif á tækifæri jafnaldra sinna til að blómstra.

Söfnunin

Þau sem vilja taka þátt í söfnuninni geta lagt inn á reikning verkefnisins:

130-26-050028 · kt. 500289-2529

Einnig er hægt að leggja peninginn beint inn á www.sos.is/styrkja/joladagatal

Öðruvísi
Jóladagatal
-Sælla er að gefa en þiggja



1. DESEMBER

Khao nom naeb

Þá er Öðruvísi jóladagatal hafið á ný. Í fyrsta glugganum í ár ætlum við að ferðast saman til Laos sem er land í Asíu. Í Laos er hægt að fá marga góða rétti en í dag fáum við að fylgjast með því þegar Hjördís, fræðslufulltrúi SOS Barnaþorpanna, lærir að útbúa vinsælan eftirrétt frá Laos, Khao nom naeb. Það var mikil upplifun að sjá þetta góðgæti verða til og ekki skemmdi fyrir að fá að smakka afraksturinn. Kíkjum hvernig Hjördísi tókst til við eldamennskuna.

Umræðupunktar

1. Í myndbandinu fáum við að sjá algengan eftirrétt frá Laos. Hvaða eftirréttur mynduð þið telja að væri algengur á Íslandi?
2. Hvað finnst ykkur best að fá í eftirrétt?
3. Í Barnasáttmálanum segir að öll börn eigi rétt á því að fá næringu. Ætli það séu mannréttindi eða forréttindi að fá eftirrétt?

STAFARUGL DAGSINS

Hvað heitir íslenska konan sem bjó til eftirrétt í myndbandi dagsins?

Bókstafur 3 fer í reiti nr. 1 og 5



2.
DESEMBER

Barnavinna

Það er afar mikilvægt að börn fái tíma til að leika sér, hvílast og þroskast, það stendur í Barnasáttmálanum. En í dag ætlum við að sjá myndband sem fjallar líka um önnur mikilvæg réttindi barna, rétt þeirra til verndar gegn skaðlegri vinnu. Við heimsækjum Fílabeinsströndina og hittum Minötu, sem vann í mörg ár við það að bera upp þunga hluti frá markaðnum fyrir annað fólk. Kíkjum á það hvernig Minata hefur það í dag.

Umræðupunktar

1. Hvers vegna eru til sérstakar reglur um barnavinnu?
2. Hver er munurinn á barnavinnu og því að hjálpa til á heimilinu?
3. Hvernig hjálpið þið til heima hjá ykkur?
4. Er eitthvað sem börn geta ekki aðstoðað með heima fyrir því það er of hættulegt eða erfitt?

STAFARUGL DAGSINS

Hvað dreymir Minötu um að eignast svo hún geti eignast saumastofu?

Bókstafur 4 fer í reit nr. 18 og bókstafur 7 fer í reiti nr. 8 og 13



3. DESEMBER

Systurnar og hafið

Systurnar Maya og Anu búa í bænum Tranquebar á Indlandi. Bærinn þeirra liggur við sjóinn og systrunum finnst mjög gaman að fara saman niður að strönd til að tína skeljar. Þær fá stundum að fara þangað með afa en hann er fiskimaður og vinnur við að veiða fisk. Stelpurnar eru góðar vinkonur og spjalla oft saman um það sem á daga þeirra hefur drifið. Þær labba saman í og úr skólanum og hafa alltaf eitthvað til að ræða um. Þegar þær koma heim úr skólanum tekur amma á móti þeim með dýrindis snarl og heita mjólk.

Umræðupunktar

1. Í Barnasáttmálanum segir að börn sem geta ekki búið hjá foreldrum sínum eigi rétt á því að aðrir fullorðnir passi upp á þau. Hvers vegna er mikilvægt að það sé einhver fullorðinn sem passar upp á börn?
2. Systurnar fengu heita mjólk og steiktar baunir þegar þær komu heim úr skólanum. Hvað gerið þið eftir skóla?
3. Afinn í myndbandinu er veiðimaður. Hafið þið einhvern tímann veitt fisk?

STAFARUGL DAGSINS

Hvað heitir bærinn sem systurnar búa í?

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 14 og 15



4. DESEMBER

Fótboltastrákurinn frá Laos

Börnunum í SOS barnaþorpinu í Vientiane í Laos finnst mjög gaman að syngja í karókí. Á sunnudögum eru karókígræjurnar dregnar fram og börnin skiptast á að syngja og dansa. Í dag heimsækjum við systkinin Bounmy og Seng. Við fáum að fylgjast með einum sunnudegi í lífi þeirra og sjáum hvað þeim finnst skemmtilegt að gera.

Umræðupunktar

1. Í Barnasáttmálanum segir að börn eigi rétt á að iðka sína eigin trú, tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni. Af hverju er mikilvægt að börn fái að halda í tungumál sitt, hefðir og menningu?
2. Getum við verið góðir vinir þó við höfum mismunandi trú og hefðir? Hvernig getum við sýnt hvert öðru virðingu?
3. Hafið þið prófað að syngja í karókí?

STAFARUGL DAGSINS

Hvaða hlutur er í uppáhaldi hjá Seng?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 20



7. DESEMBER

Bræðurnir og hofið

Í myndbandinu í dag hittum við bræðurna Arjun og Karthik. Þeir búa á Indlandi. Mamma þeirra vinnur við það að halda hofinu í bænum þeirra hreinu. Strákarnir fá oft að fylgja mömmu sinni í vinnuna og þar er margt skemmtilegt að skoða, kannski er ekki allt hættulaust eins og við munum sjá í myndbandinu en strákarnir finna sér yfirleitt eitthvað sniðugt að gera. Á ákveðnum tímum, þegar hátíðir standa yfir, er litríkum Golu-brúðum raðað fallega upp í hofinu. Ferðumst til Indlands og kíkjum til bræðranna.

Umræðupunktar

1. Arjun er eldri bróðirinn og hann á að passa upp á Karthik. Stundum er Arjun bara skammaður þegar bræðurnir gera eitthvað af sér því hann er eldri og á að vita betur. Finnst ykkur það sanngjarnt?
2. Hvernig leist ykkur á dráttarvélina sem mokar ruslinu? Haldið þið að það sé öruggt fyrir börn að leika sér í henni?
3. Vissuð þið að á Indlandi eru kýr taldar heilagar meðal þeirra sem aðhyllast hindúatrú. Í myndbandinu kom fram hver gefur kúnum að borða, munið þið hver það var?

STAFARUGL DAGSINS

Hvaða íþótt spila strákarnir í myndbandinu?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 4 og síðasti stafurinn fer í reit nr. 7



8. DESEMBER

Nazmija og fjölskylda

Nazmija býr í Norður-Makedóníu. Það er land á Balkanskaga, í suðausturhluta Evrópu. Norður-Makedónía er lítið land en fullt af áhugaverðri sögu, menningu og náttúru. Þar er til dæmis að finna Ohrid vatn sem er eitt elsta stöðuvatn heims. Þar lifa fjölmargar fiskitegundir sem finnast hvergi annars staðar. En talandi um vatn, fjölskylda Nazmiju hefur ekki aðgang að rennandi vatni í húsinu sínu heldur þurfa þau að fá vatn hjá nágrönnum sínum. Kíkjum til Norður-Makedóníu.

Umræðupunktar

1. Í Barnasáttmálanum segir að börn eigi rétt á hreinu drykkjarvatni og öruggu umhverfi. Í myndbandinu kom fram að Nazmija og fjölskylda hennar hafa hvorki klósett né rennandi vatn heima hjá sér. Hvernig haldið þið að það væri að hafa ekkert rennandi vatn í húsinu ykkar?
2. Það er mikið rusl á svæðinu þar sem Nazmija býr, hvað getur verið hættulegt við það?
3. Móðir Teresa (einn þekktasti friðarverðlaunahafi heims) fæddist í Skopje, sem er nú höfuðborg Norður-Makedóníu. Vitið þið fyrir hvað hún var fræg?

STAFARUGL DAGSINS

Hvernig var hesturinn fyrir aftan systur Nazmiju á litinn?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 19



9. DESEMBER

Stelpa með stóra drauma

Alija er skapandi stelpa sem langar til að verða fatahönnuður þegar hún verður stór. Henni finnst mjög gaman að læra nýja hluti en hún er líka dugleg að læra heima. Mamma hennar hjálpar henni með heimavinnuna en hún fékk sjálf ekki tækifæri til að klára námið sitt þegar hún var yngri. Hún veit hvað það er mikilvægt að mennta sig og þess vegna hvetur hún Aliju áfram. Hún er stolt af dóttur sinni og vonar að draumar hennar rætist.

Umræðupunktar

1. Á árunum 1992–1995 var stríð í Bosníu-Hersegóvínu. Margir misstu heimili sín og skólar lokuðu. Það voru því mörg börn sem fengu ekki að klára skólagöngu sína. Hvað segir Barnasáttmálinn um rétt barna til að mennta sig?
2. Hvers vegna er mikilvægt að fá að mennta sig? Hvað lærum við í skólanum?
3. Hvað finnst Aliju skemmtilegast að gera með mömmu sinni?

STAFARUGL DAGSINS

Á hvern saumar Alija föt?

Bókstafur 5 fer í reiti 17 og 24



10. DESEMBER

Kham og afi hans

Á litlum bóndabæ í Ban Thongmang býr Kham ásamt ömmu sinni og afa. Foreldrar hans búa í öðru landi en amma og afi passa vel upp á Kham. Þau rækta grænmeti og selja á markaði. Dagurinn byrjar snemma á bóndabænum, enda mörg verkefni sem þarf að sinna. Eitt af því sem Kham finnst skemmtilegt að gera er að leika með glerkúlurnar sínar. Hann er mjög flinkur með þær. En hann á líka góðar vinkonur í næsta húsi sem hann getur leikið við ef hann langar í félagsskap.

Umræðupunktar

1. Hvað gerið þið þegar ykkur leiðist?
2. Hafið þið einhvern tímann ræktað ykkar eigið grænmeti?
3. Hvaða grænmeti finnst ykkur best?

STAFARUGL DAGSINS

Hvað heitir stóri guli ávöxturinn sem afi skar fyrir Kham? (Ath, nafnið er á ensku)

Bókstafur 1 fer í reit nr. 23



11. DESEMBER

Sofia og línuskautarnir

Gluggi dagsins fjallar um hluti sem geta verið erfiðir – að spara og að læra eitthvað nýtt. Í dag hittum við Sofiu sem býr hjá SOS-fjölskyldu í Kólumbíu en líffræðileg mamma hennar er einnig SOS-mamma fjölskyldunnar. Sofiu dreymir um að eignast línuskauta. Það var belgíski uppfinningamaðurinn Jean Joseph Merlin sem fann upp forvera línuskautanna árið 1760. Nú, 266 árum seinna eru tvær hindranir í vegi Sofíu áður en hún getur rennt sér um hverfið á línuskautum – hún þarf að safna sér fyrir þeim og læra að skauta á þeim.

Umræðupunktar

1. Hafið þið einhvern tímann lært eitthvað sem ykkur fannst erfitt?
2. Sofiu langaði til að gefast upp strax því henni fannst svo erfitt að skauta. Hvað mynduð þið segja við hana svo hún gefist ekki upp?
3. Mamma Sofiu lét hana sjálfa safna sér fyrir línuskautum með því að hjálpa til heima. Hvað haldið þið að hún hafi lært af því? Hafið þið safnað ykkur fyrir einhverju sjálf?

STAFARUGL DAGSINS

Fyrir hverju er Sofia að safna?

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 2 og 3



14. DESEMBER

Bogfimistrákurinn frá Indlandi

Kartika er 16 ára strákur sem býr með fjölskyldu sinni í litlu þorpi á Indlandi. Á hverjum morgni hjálpar hann til heima við að hugsa um kýrnar og önnur störf á bænum. Fjölskyldan ræktar hrísgrjón og allir leggja sitt af mörkum. En Kartika á líka stóran draum. Hann elskar bogfimi og dreymir um að verða afreksíþróttamaður. Til að ná markmiði sínu þarf Kartika að æfa mikið en stundum kemur truflun úr óvæntri átt. Kíkjum í heimsókn.

Umræðupunktar

1. Hver er draumur Kartika og hvað gerir hann til að ná markmiði sínu?
2. Hvað dreymir þig um að gera þegar þú verður eldri?
3. Á flestum stöðum á Indlandi eru kýrnar hluti af fjölskyldunni. Hver gefur kúnum að borða?

STAFARUGL DAGSINS

Hvaða dýr trufla stundum einbeitingu Kartika þegar hann æfir sig?

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 10, 21 og 22 og bókstafur 3 fer í reit nr. 9



15. DESEMBER

Hasnaa fótboltastelpa

Í dag ætlum við að kíkja til Marokkó og hitta Höshnu. Hashna fékk snemma áhuga á íþróttum, þá sérstaklega hlaupi og fótbolta. Hún spilaði aðallega við stráka en komst svo seinna að því að það er fullt af stelpum sem spila líka fótbolta. Hashna ólst upp í barnaþorpi en er atvinnukona í fótbolta í dag. Hún hefur spilað fyrir marokkóska landsliðið og býr í fótboltaskóla. Hún heimsækir SOS mömmu sína reglulega og er í daglegum samskiptum við hana í gegnum síma.

Umræðupunktar

1. Hvers vegna er mikilvægt að eiga rétt á því að leika sér og hvílast?
2. Hvað er hvíld?
3. Ræðið saman um leiðir sem þið notið til að hvíla ykkur.

STAFARUGL DAGSINS

Hvernig er boltinn hennar Höshnu á litinn?

Bókstafur 5 fer í reiti nr. 6 og 12



16. DESEMBER

Dansandi vinkonur

Það er dýrmætt að eiga góða vini. Það þekkja þær Maja og Pamela sem við fáum að heimsækja í dag. Þær búa báðar í SOS barnaþorpi í Bosníu-Hersegóvínu og eru bestu vinkonur. Þeim finnst mjög gaman að dansa og þær æfa saman rokkstepp. Þó það sé gaman að leika saman þá finnst þeim samt dýrmætast af öllu að vita að þær eiga hvor aðra að, í blíðu og stríðu.

Umræðupunktar

1. Hvers vegna er gott að eiga góða vini?
2. Hvernig erum við góðir vinir?
3. Hvert getið þið leitað ef ykkur líður ekki vel?

STAFARUGL DAGSINS

Á hvaða bókstaf enda nöfn beggja vinkvennanna?

Sá bókstafur (síðasti) fer í reiti nr 11 og 16

Stafarugl Öðruvísi jóladagatals SOS Barnaþorpanna 2026

Á hverjum degi svara þátttakendur spurningu sem tengist glugga dagsins.
Rétt svar gefur þeim einn staf sem setja þarf á réttan stað í stafaruglið hér að neðan.

ATH! Ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum.

			1	2	3	4	5	6	7	8	9
10	11										
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
24											

Öðruvísi Jóladagatal
-Sælla er að gefa en þiggja

Sendið lausnina á hjordis@sos.is.

Dregið verður úr réttum lausnum mánudaginn 11. janúar.

SOS BARNAÞORPIN